



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

1. ágúst 2019

N1 ehf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir eldsneytisafgreiðslu í Fagurhólsmýri, 785 Öræfi

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur bensínstöðvar með sjálfafgreiðslu í Fagurhólsmýri, 785 Öræfi barst 13.5.2019. Umsækjandi er N1 ehf. kt. 411003-3370.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 2. júlí sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 30. júlí 2019.

Leitað var umsagnar skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Hornafjarðar. Reksturinn samræmist aðalskipulagi sveitarfélagsins og var umsögnin því jákvæð. Um er að ræða endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtækisins.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi